

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar
Frístundamiðstöðin Gufunesbær

Starfsáætlun 2020-2021



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Efnisyfirlit:

Efnisyfirlit:.....	2
Inngangur	3
Skipurit og starfsstöðvar Gufunesbæjar	3
Hlutverk frístundamiðstöðvarinnar Gufunesbæjar	5
Gildi Gufunesbæjar.....	5
Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030	6
<i>Leiðarljós</i>	6
<i>Meginmarkmið</i>	6
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar 2019 – 2020.....	7
Mat á starfsemi unglingasviðs 2019-2020.....	8
Mat á starfsemi barnasviðs 2019 - 2020	10
Mat á starfsemi útilífssviðs 2019 - 2020.....	12
Áskoranir, markmið og aðgerðir	13
<i>Miðlægt Gufunesbær</i>	13
<i>Frístundastarfið - unglingasvið</i>	16
<i>Frístundastarfið - barnasvið</i>	20
<i>Starfsemin - útilífssvið</i>	23
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins.....	30
Samstarf	32
Jafnréttisáætlun 2020 2021 (<i>Þessi áætlun var uppfærð í október 2020</i>)	33
Einelti, áreitni og ofbeldi	34
Þjónustuhlutverk	35


Inngangur

Frístundamiðstöðin Gufunesbær hefur umsjón með frístundastarfsemi SFS í Grafarvogi. Undir Gufunesbæ heyra sex frístundaheimili fyrir 6-9 ára börn og fjórar félagsmiðstöðvar fyrir 10-16 ára, þar af ein félagsmiðstöð með sértækt starf. Gufunesbær starfrækir einnig útilífssvið en undir sviðið heyra Miðstöð útivistar og útináms (MÚÚ), frístundagarðurinn við Gufunesbæ og skíðabrekkur í borginni. Starfsemi Hlöðunnar er í höndum skrifstofu Gufunesbæjar. Hún nýtist vel fyrir starfsemi Gufunesbæjar en jafnframt er Hlaðan vinsæl fjölnota aðstaða sem íbúar Grafarvogs hafa nýtt sér auk starfstaða SFS og Reykjavíkurborgar.

Starfsáætlun Gufunesbæjar 2020-2021 tekur mið af Menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030 og Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til ársins 2025. Einnig er unnið eftir upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana og rannsóknum á stöðu barna og unglunga. Starfsáætlunin tekur gildi 1. september 2020 og gildir til 31. ágúst 2021.

Öll vinna við gerð starfsáætlunarinnar er í höndum starfsfólks og stjórnenda frístundamiðstöðvarinnar. Hvert svið vinnur sinn hluta og í framhaldi er starfsáætlunin sett saman í heild sinni. Auk starfsáætlunar Gufunesbæjar gera starfsstaðir frístundamiðstöðvarinnar áætlanir þar sem teknar eru fyrir áherslur hvers starfsstaðar fyrir sig.

Skipurit og starfsstöðvar Gufunesbæjar



Hlutverk frístundamiðstöðvarinnar Gufunesbæjar

- Þjóða íbúum Grafarvogs upp á félags- og tómstundastarf sem hefur forvarnar-, menntunar- og afþreyingargildi.
- Stuðla að félagslegri velferð og að þjónustan sé farvegur óformlegrar menntunar, menningar, uppeldis og lýðræðislegrar þátttöku.
- Efla félagsauð með því að stuðla að heilbrigði og félagslegri þátttöku hverfisbúa í frístundastarfi.
- Stuðla að umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.
- Þjóða upp á aðstöðu til afþreyingar og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi sem tekur mið af aldri þeirra og þroska.
- Stuðla að því að frístundagarðurinn við Gufunesbæ og skíðabrekkur borgarinnar séu eftirsóknarverður vettvangur fyrir alla aldurshópa til að stunda fjölbreytta útivist og frístundaiðkun, árið um kring.
- Efla og styrkja fagþekkingu starfsfólks í skóla- og frístundastarfi borgarinnar varðandi útivist, útinám og sjálfbærni.

Gildi Gufunesbæjar

Gleði

- Við leggjum áherslu á að skapa góða liðsheild.
- Við hrósum og hvetjum alla til að gera sitt besta.
- Við temjum okkur jákvætt hugarfar.
- Við lærum í gegnum leik og gerum daginn eftirminnilegan.

Fjölbreytni

- Við berum virðingu og sýnum umburðarlyndi gagnvart ólíkum skoðunum og viðhorfum.
- Við erum opin fyrir nýjungum og tilbúin í breytingar.
- Við leggjum áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð í leik og starfi.
- Við fögnum margbreytileika og komum til móts við ólíkar þarfir og áhugasvið einstaklinga og hópa.

Fagmennska

- Við erum fyrirmyndir og leggjum okkur fram við að vera besta útgáfan af okkur sjálfum.
- Við sýnum frumkvæði, setjum okkur markmið og leitum stöðugt leiða til að þróa hæfni okkar og þekkingu.
- Við leggjum áherslu á traust og samvinnu og erum heiðarleg í samskiptum

Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

Leiðarljós

Menntastefnan byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar.

Í stefnunni er rík áhersla á að uppeldi barna og menntun sé samfélagslegt verkefni sem eigi sér stað bæði bæði með formlegum og óformlegum hætti. Virkni barna og lýðræðisleg þátttaka í leik og starfi eru mikilvæg leiðarljós. Veita þarf börnum viðeigandi stuðning og byggja á styrkleikum þeirra og bakgrunni svo að þau geti haft áhrif á nám sitt, líðan og umhverfi.

Skóla- og frístundasvið borgarinnar setur fagmennsku og samstarf í öndvegi. Sviðið leggur áherslu í menntastefnunni að styðja við faglegt frumkvæði starfsfólks, veita því rík tækifæri til starfsþróunar og markvissa ráðgjöf og handleiðslu. Stefnt er að því að húsnæði og aðstaða veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna.

Í menntastefnunni kemur fram mikilvægi samstarfs við fjölskyldur barna í skóla- og frístundastarfi. Starfsfólk á frumkvæði að samstarfi og vinnur að þróun leiða sem taka mið af ólíkum þörfum, menningu og reynslu barna og foreldra. Fjölbreytt og þverfaglegt samstarf innan starfsstaða, milli starfsstaða og við stofnanir og aðila í samfélaginu stuðlar að þróun menntunar.

Meginmarkmið

Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Unnið verður að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri. Börn lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífstíl.

Menntastefnan byggir á fimm grundvallarþáttum: Félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði.



Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar 2019 – 2020

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorf stjórnenda og starfsmanna á skrifstofu Gufunesbæjar til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttanna.	Viðhorfsskönnun Reykjavíkur febrúar 2020 send út til starfsmanna Reykjavíkurborgar. Matið byggist á svörum starfsmanna sem tóku þátt í könnuninni.	Stjórnendur og starfsfólk Gufunesbæjar	Meðaltal allra þátta var 4,48 en var 4,53 árið 2019. Helstu styrkleikar eru: 1. Jafnrétti og jafnræði – 4,85 2. Ímynd - 4,73 3. Starfsandi – 4,71 Helstu veikleikar eru: 1. Starfsmanna-stöðugleiki – 3,76
Könnun á vinnuumhverfi starfsfólks Sameykis hjá stofnunum Reykjavíkurborgar.	Umsjón og framkvæmd er í höndum Capacent. Könnunin er send út til allra félagsmanna Sameyki í feb/mars 2020. Matið byggist á svörum allra félagsmanna sem tóku þátt í könnuninni	Starfsfólk Gufunesbæjar	Meðaltal allra þátta var 4,4 sem er sama meðaltal og árið 2019. Helstu styrkleikar eru: 1. Jafnrétti – 4,75 2. Stjórnun – 4,74 3. Ánægja og stolt – 4,57 Helstu veikleikar eru: 4. Launakjör – 3,29 5. Vinnuskilyrði – 3,88

Mat á starfsemi unglingasviðs 2019-2020

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Samfélagspúlsinn	Rafræn viðhorfskönnun. Könnunin byggðist á spurningum varðandi viðhorf starfsmanna til starfsins og ánægju með stjórnun. Könnunin var framkvæmd í október 2019.	Starfsfólk í félagsmiðstöðvunum.	Almennu félagsmiðstöðvarnar: Helstu styrkleikar: 1. Hafa trú á gæðum starfsins 2. Ánægja með starfsandann. 3. Ánægð í starfi Helstu veikleikar: 1. Vinnuaðstaðan. Félagsmiðstöðin Höllin, sértækt félagsmiðstöðvarstarf tók ekki Samfélagspúlsinn.
Foreldrakönnun	Viðhorf foreldra til almenna félagsmiðstöðvarstarfsins var kannað með rafrænni könnun í gegnum Mentor í febrúar 2020.	Foreldrar þátttakenda í almennu félagsmiðstöðvastarfi Gufunesbæjar. Svarhlutfall var 81,7% og fjöldi svara 241.	Helstu styrkleikar eru: 1. Upplýsingagjöf um hvað er á döfinni (4,34/5) 2. Foreldrar telja að þátttaka í félagsmiðstöðvastarfi hafi jákvæð félagsleg áhrif á barnið þeirra (4,5/5) 3. Starfsfólk félagsmiðstöðva sýnir barninu áhuga og umhyggju (4,3/5) Helstu veikleikar: 1. Dagskrá félagsmiðstöðvarinnar höfðar vel til barnanna þeirra (3,87/5) 2. Ánægja með húsnæði og aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar (3,76/5)
Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar	Viðhorfskönnun Reykjavíkur febrúar 2020 send út til starfsmanna Reykjavíkurborgar.	Niðurstöður könnunarinnar byggja á svörum starfsmanna í almennum félagsmiðstöðvum annars vegar og sértæku félagsmiðstöðinni hins vegar.	Meðalskor allra þátta í almennu félagsmiðstöðvunum, Fjörgyn, Dregyn, Púgyn (Sigyn vantaði) 4,69 og var það lækkan um 0,03 milli ára í almennu félagsmiðstöðvunum. Samanburðurinn innihélt Sigyn frá því í fyrra. Helstu styrkleikar eru (tók þætti): 1. Móttaka nýliða - 5,0 2. Starfsandi – 4,98

			3. Ímynd - 4,97 Helstu veikleikar eru (tók valdar spurningar ekki þætti) 1. Framtíð starfsins míns er trygg – 3,0 2. Ég tel mig búa við starfsöryggi - 3,47 3. Vinnuaðstaða mín er góð - 3,93 Meðalskor allra þátta í sértæku félagsmiðstöðinni Höllinni var 4,49 og var það lækkun um 0,11 milli ára. Helstu styrkleikar eru (tók þætti): 1. Jafnrétti og jafnræði – 4,83 2. Móttaka nýliða - 4,79 3. Ímynd – 4,75 Helstu veikleikar eru (tók valdar spurningar ekki þætti): 1. Hefur þú of mikið að gera í vinnunni – 3,5 2. Verður þú að vinna á of miklum hraða - 3,58 3. Upplýsingaflæði á mínum starfstað er gott - 3,77
R&G – Ungt fólk 2020 8 – 10 bekkur	Viðhorfskönnun lögð fyrir nemendur í 8 – 10 bekk, í febrúar 2020.	302 unglingar í 8.-10. bekk í Grafarvogi svöruðu könnuninni.	Lykiltölur í lífi barna í Grafarvogi. 18,2% úti eftir miðnætti einu sinni eða oftar síðastliðna viku. 12,9% líður illa í skólanum, alltaf eða oft 5,1% nemenda í 10. Bekk nota rafrettur daglega 3% nemenda í 10. Bekk hafa orðið ölvaðir síðastliðna daga 2,9% nemenda í 10. Bekk hafa notað kanabis 36,2% meta líkamlega heilsu sína mjög góða 41,5% meta svo að þau fái oft eða alltaf nægan svefn á virkum dögum 27,1% meta andlega heilsu sína mjög góða 74,2% segja það mjög auðvelt að fá frá foreldrum umhyggju og hlýju.

Mat á starfsemi barnasviðs 2019 - 2020

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorf starfsfólks frístundaheimila Gufunesbæjar til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttanna.	Viðhorfskönnun Reykjavíkur í febrúar 2020 send út til starfsmanna Reykjavíkurborgar. Matið byggist á svörum starfsmanna sem tóku þátt í könnuninni.	Starfsfólk frístundaheimila Gufunesbæjar.	Meðaltal allra þátta var 4,38. uppfæra Helstu styrkleikar eru: 1. Jafnrétti og jafnræði 4,74 2. Frumkvæði 4,64 3. Sveigjanleiki í starfi 4,60 4. Stjórnun 4,58 Helstu veikleikar eru: 1. Starfsmannastöðugleiki 3,59 2. Hæfilegt vinnuálag 3,92
Viðhorf forstöðumanna frístundaheimila og fulltrúa leikskóla til samstarfs - tengt þróunarverkefninu "Samstarf milli frístundaheimila og leikskóla"	Viðtöl tekin við þátttakendur út frá viðtalsramma, sumarið 2019.	Forstöðumenn frístundaheimila Gufunesbæjar og deildarstjórar/skólastjórar leikskólanna.	Helstu niðurstöður: 1. Eitthvað samstarf á öllum stöðum 2. Mjög mismunandi hvað varðar tíðni, tímasetningar og skipulag 3. Markmið heimsóknanna sjaldan sett fram á formlegan hátt Hindranir: 1. Mannabreytingar 2. Ólíkt skipulag á heimsóknum 3. Skortur á skýrum ramma Tækifæri: 1. Setja skýrari markmið með samstarfinu 2. Efla tengslanet stjórnenda 3. Sameiginleg verkefni
Ytra mat á starfsemi frístundaheimilisins Kastala	Matsteymi frá SFS lagði mat á starfið í janúar 2020 út frá viðmiðum um gæði í frístundastarfi SFS. Matið fór fram í	Starfsfólk, börn og foreldrar á frístundaheimilinu Kastala.	Niðurstöður eru settar fram með litum, dökkgrænt (3,5-4,0), ljósgrænt (2,6-3,4), gult (1,6-2,5) og rautt (1,0-1,5).

	gegnum heimsókn teymisins á staðinn, skoðun fyrirbyggjandi gagna, viðtöl og rýnihópa.		Stjórnun (5 þættir): 4 á ljósgrænu - 1 á dökkgrænu “stjórnun stofnunar” Frístundastarf (5 þættir): 4 á ljósgrænu - 1 á gulu “virk þátttaka og lýðræði” Mannauður (2 þættir): 2 á ljósgrænu Staðarbragur (3 þættir): 2 á ljósgrænu - 1 á dökkgrænu “foreldrasamstarf”. Helstu tækifærin liggja í þættinum virk þátttaka og lýðræði en í umbótaáætlun Kastala má sjá yfirlit yfir þær umbætur sem áætlað er að fari fram á næstu misserum: https://reykjavik.is/mat-fristundastarfi
--	--	--	--

Mat á starfsemi útilífssviðs 2019 - 2020

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorf kennara / leiðbeinenda til „Úti er ævintýri“	Spurningalisti sendur í tölvupósti	Kennarar / leiðbeinendur sem tóku þátt í dagskránni	Helstu styrkleikar eru: • Frábær þjónusta Helstu veikleikar eru: • Lágt svarhlutfall
Viðhorf þátttakenda í námskeiðum „Út vil ek“	Spurningalisti sendur í tölvupósti	Kennarar / leiðbeinendur sem sóttu námskeiðið	Helstu styrkleikar eru: • Fjölbreytni námskeiða • Góð aðstaða • Góðir leiðbeinendur Helstu veikleikar eru: • Lágt svarhlutfall
Viðhorf kennara til heimsóknna í Perluna Museum	Spurningalisti sendur í tölvupósti	Kennarar / leiðbeinendur sem tóku þátt í dagskránni	Helstu styrkleikar eru: • Frábær sýning Helstu veikleikar eru: • Lágt svarhlutfall
Viðhorf kennara / leiðbeinenda til heimsóknna í Lundinn	Spurningalisti sendur í tölvupósti	Kennarar / leiðbeinendur sem nýttu sér aðstöðuna í Lundinum	Helstu styrkleikar eru: • Frábær aðstaða • Stutt í aðstoð Helstu veikleikar eru: • Lágt svarhlutfall

Áskoranir, markmið og aðgerðir

Miðlægt Gufunesbær

Þættir	Áskoranir/markmið	Aðgerðir	Hefst	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Heilbrigður lífsstíll og vellíðan	Auka þekkingu og skilning starfsfólks Gufunesbæjar varðandi eftirfarandi þætti: - Kvíða - Skjánotkun	Fræðsluröð fyrir alla starfsmenn Gufunesbæjar tengt þessum málefnum.	September 2020	Spurningalisti til þátttakenda í fræðsluröðinni.	Að þátttakendum hafi fundist fræðsluerindin gagnleg og þau nýtist fólki í starfi og einkalífi.
Heilbrigður lífsstíll og vellíðan	Stuðla að aukinni heilsueflingu meðal starfsfólks Gufunesbæjar.	Boðið verði upp á heilsutengda dagskrá fyrir alla starfsmenn Gufunesbæjar.	September 2020	Mætingar/þátttaka í viðburðum.	Að helmingur starfsfólks Gufunesbæjar taki þátt í a.m.k. einum viðburði.
Heilbrigður lífsstíll og vellíðan	Kynna fyrir starfsfólki heilsusamlegan og umhverfisvænan ferðamáta.	Bjóða upp á aðgengi að rafmagnshjóli í vinnutengd verkefni og til að ferðast í og úr vinnu.	September 2020	Nýting á hjólum skv. skráningu.	Helmingur starfsfólks í fullu starfi hafi prófað þennan ferðamáta til og frá vinnu.
Fagmennska	Tryggja að allir starfsstaðir fylgi lögum og reglugerðum um vinnuvernd.	Öryggisnefnd Gufunesbæjar fylgi eftir að áhættumat fari fram á öllum starfsstöðum Gufunesbæjar.	September 2020	Áhættumat allra starfsstaða Gufunesbæjar verði klárt vorið 2021.	Allir starfsstaðir hafi framkvæmt áhættumat.
Verklag	Tryggja samræmt verklag um miðlun og varðveislu gagna sem tengjast tilvikum um covid smit og sóttkví	Útbúa samræmt verklag og ákveða hvar sameiginleg gögn tengt covid eigi að geymast.	September 2020	Verklagið verði klárt	Að allir yfirmenn nýti sér þetta sameiginlega verklag og skráningu gagna á réttan og skilmerkilegan hátt.

	sem upp koma í starfseminni.				
Verklag	 Einfalda pantanir og skráningu á Hlöðunni.	Útbúa skráningar- og pöntunarkerfi fyrir Hlöðuna.	Nóvember 2020	Pöntunarkerfi fullklárað.	Pöntunarkerfi sett af stað.
Verklag	Nýta kerfi, forrit og upplýsingatækni sem í boði er til að stuðla að betra skipulagi, bættum verkferlum og auknu upplýsingaflæði milli starfsmanna.	Innleiða og kynna Teams fyrir öllum starfsmönnum Gufunesbæjar.	September 2020	Að búið sé koma öllum starfsmönnum inn á Teams og að þeir séu búnir að tileinka sér Teams sem samskiptatæki.	Samtöl við forstöðumenn varðandi nýtingu á Teams.
Verklag	Aukin samnýting á aðstöðu og búnaði milli sviða Gufunesbæjar. Aukin áhersla lögð á kennslu og upplýsingagjöf varðandi búnað, tæki og aðstöðu.	Þarfagreining og hönnun kerfis sem heldur utan um nýtingu á tækjum og búnaði í eigu Gufunesbæjar og hægt er að samnýta og panta rafrænt. Auk þess sem búið sé til kerfi til að panta aðstöðu sem er í umsjón Gufunesbæjar.	September 2020	Kerfið sé klárt og komið í notkun.	Að kerfið sé komið í gagnið og nýtt af starfsfólki Gufunesbæjar.
Fræðsla	Vinnulag og verkferlar varðandi rekstur séu aðgengilegri og einfaldari.	Einfalda handbók um rekstur.	Október 2020	Uppfærð handbók tilbúin í desember 2020.	Að forstöðumenn nýti handbókina meir en áður.

Umhverfisvernd	Allir starfsstaðir Gufunesbæjar hafi gott og heilsusamlegt vinnuumhverfi og í samræmi við rýmisþarfir. Í stefnu frístundþjónustu Reykjavíkurborgar til ársins 2025 er áhersla lögð á að mæta þörfum barna og unglinga fyrir aðstöðu til skapandi starfs af fjölbreyttu tagi. Í menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 er lögð áhersla á að tryggja þurfi að húsnæði og aðstaða í skóla- og frístundastarfi veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna.	Óska eftir betri aðstöðu fyrir börn, unglinga og starfsfólk á eftirtöldum stöðum: Félagsmiðstöðin Sigyn; sækjast eftir að byggt verði milliloft í gömlu tónmenntastofuna í Rimaskóla. Húsnæði Gufunesbæjar; Áframhaldandi uppbygging á framtíðarhúsnæði Gufunesbæjar m.a. 1. aðstöðu Hlöðunnar, óskað er eftir að byggður sé glerskáli við hlöðuna til að bæta aðstöðu hennar gagnvart þeirri starfsemi sem þar fer fram. 2. aðstöðu MÚÚ á svæðinu, 3. Móttöku, starfsmannaðstöðu, skrifstofu og fundaraðstöðu. Bæta tímabundna aðstöðu frístundamiðstöðvarinnar. Búið er að óska eftir einum 18 fermetra gám til að uppfylla skilyrði heilbrigðis- og vinnueftirlits.	September 2020	Að samþykki fáið fyrir þeim breytingum sem óskað er eftir.	Samþykkt fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar 2021.
----------------	--	--	----------------	--	--

Umhverfisvernd	Auka þátt umhverfisverndar og sjálfbærni í starfsemi Gufunesbæjar.	Innleiða skref 2 af 5 í grænum skrefum.	September 2020	Farið eftir gátlista Grænna Skrefa.	90% af gátlista Grænna skrefa verði uppfylltur haustið 2021.
----------------	--	---	----------------	-------------------------------------	--

Frístundastarfið - unglingasvið

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Hefst	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Forvarnir, heilbrigði, lýðheilsa/ fjölbreytt og skemmtilegt	Hvetja til aukinnar útivistar og hreyfingar meðal ungmenna í Grafarvogi.	Fjölga útivistartengdum viðburðum í Grafarvogi fyrir börn og unglinga.	Haust 2020	Fjöldi útivistartengdra viðburða, upplifun þátttakenda könnuð og mæting skráð.	Að viðburðum hafi fjölgað milli ára, þátttaka aukist og ánægja metin.
Forvarnir, heilbrigði, lýðheilsa	Úr R&G: 36,2% unglinga í Grafarvogi meta líkamlega heilsu sína mjög góða	Allar félagsmiðstöðvar standi fyrir útivistarhópum og að hópurinn starfi í nánú samstarfi við MÚÚ en verkefnið er a-hlutastyrkur unglingasviðs 2020-2021.	Haust 2020	Stöðutaka á niðurstöðum R&G 2021 varðandi líkamlega heilsu.	Niðurstöður í næstu könnun sýni að niðurstöður R&G hækki úr 36,2%. (Meirihluti unglinga í Grafarvogi meta líkamlega heilsu sína mjög góða).
Forvarnir, heilbrigði, lýðheilsa	Auka vægi á eftirfarandi gæðaviðmiði Menntastefnunnar Markvisst er unnið að því að efla hreyfingu og útiveru barna/unglinga.	Að bjóða upp á opið íþróttahús á þriðjudögum, æfingar í stað keppni.	Vorönn 2021	Gátlisti menntastefnunnar – gæðaviðmiðið: Markvisst er unnið að því að efla hreyfingu og útiveru barna/unglinga.	Stöðutaka fyrir og eftir og að niðurstöður hækki.

Forvarnir, heilbrigði, lýðheilsa	Niðurstöður R&G Ungt fólk 2020 sýnir að um helmingur nemenda í 10. bekk fær ekki nægan nætursvefn. Sofa um 7 klst eða minna en ráðlagt er að unglíngarnir sofi 8-9 klukkustundir á nóttu.	Meta stöðuna, búa til aðgerðir. Skoða út frá rannsóknum sbr orkudrykkir og tengsl við svefn. Setja fræðslumál í farveg hjá fræðslunefnd unglíngasviðs. Auka fræðslu um mikilvægi svefns fyrir heilsu barna og unglínga	Haust 2020	Stöðutaka á niðurstöðum R&G 2021 varðandi svefn unglínga .	Að unglíngar sofi meira.
Forvarnir, heilbrigði, lýðheilsa	Niðurstöður R&G Ungt fólk 2020 segir að 27,1% unglíngar í Grafarvogi meta andlega heilsu sína mjög góða Skýrsla Landlæknisembættis sem fjallar um: Geðrækt, forvarnir og stuðningur við börn og ungmenni í skólum á Íslandi Niðurstöður landskönnunar, Október 2019: Niðurstöður sýndu að styrkja þarf formlegar stoðir og innviði skólakerfisins	Meta stöðuna, búa til aðgerðir. Skoða út frá rannsóknum. Setja fræðslumál í farveg hjá fræðslunefnd unglíngasviðs.	Haust 2020	Stöðutaka á niðurstöðum R&G varðandi andlega heilsu unglínga.	Að niðurstöður sýni að fleiri meti andlega heilsu sína mjög góða.

	til að sinna geðrækt, forvörnum og stuðningi við börn og ungmenni. Þar erum við engin undantekning.				
Fjölbreytt og skemmtilegt/ Fagmennska	Efla rafíþróttastarfið í félagsmiðstöðvum Gufunesbæjar	Setja upp rafíþróttaver í öllum almennum félagsmiðstöðvum Búa til handbók um rafíþróttastarf Læra af öðrum Hópur sækir þekkingu til vina okkar í Finnlandi þegar ástandið batnar		Deildarstjóri gerir úttekt á þessu í félagsmiðstöðvum Grafarvogs í maí 2021	Allar almennar félagsmiðstöðvar í Grafarvogi verði komin með rafíþróttaver fyrir lok maí 2021. Handbók um rafíþróttir tilbúin haustið 2021.
Sjálfsfelling: Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu	Hækka eftirfarandi þætti úr viðmiðum menntastefnunnar um gæðastarf: -Starfsfólk leggur sig fram við að taka vel á móti, kynnast börnum/unglingum og sýna þeim áhuga. -Starfsfólk er til staðar fyrir börnin/unglingana og myndar tengsl við þau.	B-hlutastyrkurinn: Þróunarverkefnið Frístundafræðingur á Miðstigi þar sem tveir starfsmenn í félagsmiðstöðinni Vígyn starfa í samstarfi við Engjaskóla og Borgarskóla að því að efla skólatengsl og félagsfærni, sjálfsmynd, veita umhyggju og auka virka þátttöku barna í 5.-7. bekk. Skimað verður fyrir skólatengslum og niðurstöður nýttar þegar velja á íhlutun.	Haust 2020-vor 2021	Verkefnið er tilraunaverkefni, Ef vel tekst til með skólaskimunina þá verði stefnt að því að nýta þetta hagnýta tól til að skima fyrir skólatengslum í unglingadeild í öðrum skólum og félagsmiðstöðvum í Grafarvogi.	

Sköpun: Skapandi hugsun	Börn/unglingar hafi val um að vinna verkefni eftir fjölbreyttum leiðum. Boðið er upp á viðfangsefni sem stuðla að sköpun og skapandi hugsun.	Listsköpun Kaup á verkfærum til listsköpunar í Höllinni. Aðrar félagsmiðstöðvar hafa tækifæri á því að nýta listasmiðjuna í klúbbastarfi hjá sér utan opnunartíma í Hallarinnar.	Vetur 2020-2021	Á ekki við.	Á ekki við.
Fagmennska	Efla og fræða starfsfólk félagsmiðstöðva um útivistartengd verkefni og þeim tækifærum sem útivist hefur upp á að bjóða í starfi félagsmiðstöðva.	Upplýsinga- og fræðslufundur með MÚÚ til að fara yfir þá stoðþjónustu sem MÚÚ hefur upp á að bjóða.	Nóvember, 2020	Mæting starfsmanna félagsmiðstöðva í námskeið á vegum MÚÚ. Að kynning á starfi MÚÚ hafi farið fram.	Að útivist skili sér í dagskrá félagsmiðstöðva.
Fagmennska	Fræðsla til starfsfólks, foreldra, barna og unglinga bætt og gerð markvissari	Fræðslunefnd unglingasviðs sett á laggirnar Fræðsluefni safnað saman í fræðslubanka. Miðlun til starfsmanna endurskoðuð Tillögur að nýrri leið borin undir forstöðumenn unglingasviðs. Ný leið sett á laggirnar	September 2020	Ánægja starfsfólks metin í Samfélagspúlsinum	Að fræðsluefnið skili sér til starfsmanna, foreldra, barna og unglinga í starfinu og að starfsfólk meti nýja leið betri.

Fagmennska	Innleiðing menntastefnunnar	Gátlistar Menntastefnu verði unnir rafrænt og niðurstöður nýttar í aðgerðaráætlun hvers staðar	Vetur 2020-2021	Samanburður á milli gátlista og aðgerðaráætlunar. Stöðutaka í Gant riti starfsstaðar.	Að unnið hafi verið með þau atriði sem valin eru í aðgerðaráætlun.
Fagmennska	Innleiðing Menntastefnu	Valin viðmið úr gátlista Menntastefnu könnuð í öllum félagsmiðstöðvum.	Vetur 2020-2021	Könnun lögð fyrir starfsfólk í gegnum Mentimeter.	Umbótaáætlun liggur fyrir á grundvelli niðurstöðu úr könnun.

Frístundastarfið - barnasvið

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðferðir	Hefst	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Félagsfærni Sjálfsfelling Virk þátttaka	Að stuðla að vellíðan barna og vináttu þeirra. Að ýta undir aukna félagsfærni barna.	A-hluta þróunarverkefni 2020-2021. Könnun gerð á líðan barnanna við upphaf og lok verkefnisins í gegnum forritið mentimeter.	Haust 2020	Haldið utan um skráningar á greiningu á stöðu barnahópsins til þess að meta hversu mörg börn færðust frá því að vera félagslega illa stödd (týnd og hafnað) yfir í að vera vel stödd félagslega(vinsæl og meðal).	Að líðan barna mælist hærri við lok verkefnis en í upphafi og að börn séu almennt félagslega vel stödd, þ.e. færri börn séu greind í flokknum "týnd og hafnað".
Félagsfærni	Markviss vináttuþjálfun	Nýta verkfærakistu vináttuþjálfunar til þess að greina félagslega stöðu barna og setja fram áætlun um þjálfun þar sem þörf krefur. A-hluta þróunarverkefni 2020-2021.	Haust 2020	Skráning í skýrslu um þróunarverkefni hvernig aðferðirnar hafa verið notaðar.	Að þeir einstaklingar sem unnið er sérstaklega með gangi betur félagslega og líði betur.

Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa	Eftirfylgni við gæðaviðmið í síðdegishressingu	Matseðlar skoðaðir út frá viðmiðum um gæði og ráðleggingum frá embætti landlæknis.	Haust 2020	Gæðanefnd skoðar matseðla og leiðbeinir um úrbætur eftir þörfum út frá viðmiðum og ráðleggingum um heilsueflandi frístundaheimili.	Að skoðun á matseðlum hafi farið fram og úrbætur gerðar þar sem þörf er á.
Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa	Vinna með lýðheilsuþættið þvert á frístundaheimili	Þjóða upp á útivist og hreyfingu fyrir ákveðna aldurshópa þvert á frístundaheimili. Nefnd á vegum barnasviðs skoðar möguleika og skipulag fyrir hvern aldurshóp og leggur til tímasetningar. Sem dæmi að þjóða upp á hjólaferð/-klúbb, nýta skíðabúnað sem til er hjá MÚÚ þegar snjór er í skíðabrekku, larp mót o.fl.	Vor 2020	Úttekt gerð á dagskrám frístundaheimila á vorönn 2020.	Að a.m.k. tvær hugmyndir hafi verið framkvæmdar.
Fagmennska	Að verðandi fyrstu þekkingar þekki tilgang og fyrirkomulag þess frístundaheimilis sem þau verða þátttakendur í.	Ljúka gerð bæklinga fyrir verðandi 1. þekkinga um það hvað frístundaheimilið hefur upp á að bjóða. Taka skal mið af þeim viðmiðum sem hafa verið sett um heimsóknir barnanna. Ólokinn þáttur úr A-hluta þróunarverkefni frá 2019.	Haust 2020	Deildarstjóri barnasviðs skoði í lok árs hvort bæklingurinn sé tilbúinn til útgáfu.	Bæklingur tilbúinn til afhendingar.
Fagmennska	Auka þekkingu og nýtingu starfsfólks á aðferðum vináttuþjálfunar.	Tveir fulltrúar starfsfólks frá hverju frístundaheimili sækja námskeiðið Verkfærakista í Vináttuþjálfun, prófa aðferðirnar/verkfærin í starfinu og halda utan um skráningar. Miðla	Haust 2020	Starfsfólk spurt í janúar 2021 hvort það hafi nýtt aðferðirnar markvisst í starfinu.	Að starfsfólk nýti aðferðirnar markvisst í starfinu. Skráning á framvindu og árangri liggur fyrir.

		þeim til annars starfsfólks eins og kostur er. Þróunarverkefni A-hluta 2020 – 2021.			
Fagmennska	Innleiðing Menntastefnu.	Gátlistar Menntastefnu verði unnir rafrænt og niðurstöður nýttar í aðgerðaráætlun hvers frístundaheimilis.	Haust 2020	Samanburður á milli gátlista og aðgerðaráætlunar. Stöðutaka í Gant riti starfsstaðar.	Að unnið hafi verið með þau atriði sem valin eru í aðgerðaráætlun.
Fagmennska	Innleiðing Menntastefnu.	Valin viðmið úr gátlista Menntastefnu könnuð á öllum frístundaheimilum.	Vor 2021	Könnun lögð fyrir starfsfólk í gegnum forritið Mentimeter.	Umbótaáætlun liggur fyrir á grundvelli niðurstöðu úr könnun.
Fagmennska	Efla markvisst samstarf við foreldra.	Kortlagning foreldrasamstarfs.	Haust 2020	Deildarstjóri kallar eftir kortlagningu á foreldrasamstarfi frá öllum frístundaheimilunum í desember 2020	Kortlagning framkvæmd.
Fagmennska	Efla markvisst samstarf við foreldra.	Sameiginleg viðmið um samstarf við foreldra útbúin.	Vor 2021	Skoðað í maí hvort viðmið um foreldrasamstarf sé komið inn á allar heimasíður frístundaheimila Gufunesbæjar	Sameiginleg viðmið liggja fyrir á heimasíðum Gufunesbæjar.

Fagmennska	Samráð um uppeldisaðferðir sem notaðar eru.	Hvert frístundaheimili kannar hvort og þá hvaða uppeldis-/agastefna er viðhöfð í samstarfsskólanum sem og í þeim leikskólum sem börnin kom frá.	Haust 2020	Skoða hvort könnunin leiði í ljós samræmi eða ósamræmi þarna á milli. Skoða hvort þörf er á auknu samræmi í því skyni að auka vellíðan barnanna.	Könnun framkvæmd og mat hefur farið fram á niðurstöðunum.
------------	---	---	------------	---	---

Starfsemin - útilífssvið

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Hefst	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa	Efla hjólreiðar í grunnskólum og styðja við kennara / leiðbeinendur við að nota hjólreiðar í skólastarfi Koma af stað þróunarverkefninu "hjólahamingja" sambærilegu skíðaverkefni 2. bekkjar þar sem kennarar nemenda 1. bekkjar geta bókað hópinn í hjólatíma út frá eigin skólalóð.	Búa til lýsingu og útfærslu á verkefninu Sækja um styrk fyrir verkefninu Setja saman hóp til að sinna verkefninu Gera verkefnið aðgengilegt og bókanlega á vefsíðu MÚÚ	Október 2020	Könnun til kennara/leiðbeinenda sem taka þátt í verkefninu áður en þeir byrja og síðan aftur 4 mánuðum seinna. „Gera úttekt á verkefninu í ágúst“, „Skoða heimasíðu MÚÚ með tilliti til verkefnisins“.	Að verkefnið sé tilbúið og hægt að framkvæma Að búið sé að framkvæma prufukeyrslu með skóla Styrkur kominn fyrir verkefninu Verkefnið tilbúið í framkvæmd í lok maí 2021 Verkefnið orðið aðgengilegt og hægt að bóka á vefsíðu MÚÚ í lok júlí 2021 (Móttaka hópa hafin 2021)

Fagmennska	Að auka umræðu um gildi útináms í leik og starfi Að kynna starfsemi MÚÚ Að mynda tengslanet áhugasamra einstaklinga um útinám/útvist hjá SFS	Að halda málþing um útinám / útvist vor 2021	Janúar 2021	Könnun til þátttakenda á málþinginu	Að þátttakendur á málþinginu þekki betur gildi útináms og starfsemi MÚÚ í kjölfar þess. Að í kjölfar málþingsins verði til tengslanet áhugasamra einstaklinga um útinám/útvist hjá SFS
Fagmennska	Að fræðsla MÚÚ verði aðgengileg inn á starfsstaði SFS Að hægt verði að sjá á vefsíðu MÚÚ hvaða fræðslu er hægt að panta. Að bókanir í fræðslu fari í gegnum bókunarkerfið	Kortleggja hvaða fræðslu er hægt að fara með út á staði Búa til lýsingu og setja inn á vefsíðu Búa til utan um hald á pöntunum á fræðslu í bókunarkerfi	Nóvember 2020	Skoða vefsíðu MÚÚ í janúar með tilliti til þessa	Að fræðsla út á starfsstaði sé í boði á vefsíðu MÚÚ. Að minnsta kosti sex tilboð um fræðslu séu í boði
Fagmennska	Að efla þekkingu á starfsmanna MÚÚ	Skoða möguleika á að sækja um Erasmus styrk,	Nóvember 2020	Skoða hvort tengsl við erlendan aðila séu komin á.	MÚÚ hefur myndað tengsl við erlendan aðila sem hefur svipaða starfsemi.

	Að vera í samstarfi við erlenda aðila sem eru með svipaða starfsemi	Finna starfsemi sem hefur svipaðar forsendur og MÚÚ Styrkja tengsl milli aðila með því að deila reynslu, aðferðum, verkefnum ofl.		Ígrundun í kjölfar samstarfs á því hvort þekking starfsmanna MÚÚ hafi aukist	Starfsmenn MÚÚ upplifi að þekking þeirra hafi aukist með tilkomu samstarfsins
Þróunarstarf	Að finna leiðir til að Siglunes geti verið í meiri samstarfi við SFS Að aðstaða, búnaður og þekking Sigluness nýtist meira í skóla- og frístundastarfi.	Að halda samtali gangandi milli ÍTR og SFS, MÚÚ/Gufunesbæ og Sigluness Að setja í gang tilraunaverkefni sem stuðlar að samavinnu Siglunes við SFS	September 2020	Skoða hvort samstarf hafi aukist.	Samningur eða fyrirkomulag gert um aukið samstarf
Stefnumótun	Að Frístundagarðurinn hafi skýra stefnu sem endurspeglar starfsemina næstu 5 ár.	Setja af stað starfshóp sem vinnur að stefnumótun Frístundagarðsins í samstarfi við hagsmunaaðila Að hópurinn skili greinargerð um stefnumótun Frístundagarðsins	Nóvember 2020	Fundur með starfsfólki á vorönn, ígrundun	Að stefnumótun sé lokið og greinargerð skilað í maí 2021 Að starfsfólk MÚÚ hafi skýra sýn á það hvert sé stefnt með Frístundagarðinn næstu fimm árin.
Stefnumótun	Að MÚÚ hafi skýra stefnu sem endurspeglar	Setja af stað starfshóp sem vinnur að stefnumótun MÚÚ í samstarfi við hagsmunaaðila	Nóvember 2021		Að stefnumótun sé lokið og greinargerð skilað í maí 2021

	starfsemina næstu 5 ár.	Að hópurninn skili greinargerð um stefnumótun MÚÚ			
Markaðssetning og sýnileiki	Að MÚÚ verði þekkt innan SFS fyrir útivist og útinám Að kveikja áhuga á útivist og útinámi með sýnileika og virkni á samfélagsmiðlum Að ímynd MÚÚ sé í samræmi við væntingar og þjónustu	Endurvinnna og gera vefsíðu MÚÚ meira markvissa og upplýsandi Gera MÚÚ og aðra starfsemi útivistar og útináms sýnilegt á samfélagsmiðlum Birta flottar og skemmtilegar myndir á samfélagsmiðlum sem gera útivist/útinám eftirsóknarvert Segja frá skemmtilegum atburðum/verkefnum MÚÚ Deila skemmtilegum atburðum / verkefnum frá öðrum á okkar miðlum	September 2020	Skoða heimasíðu og samfélagsmiðla MÚÚ á starfsmannafundi MÚÚ í janúar og ágúst með hliðsjón af þessu. Gera könnun innan SFS til að kanna þekkingu á MÚÚ	Að vefsíða MÚÚ sé endurgerð og betrubætt Að samfélagsmiðlar, t.d. Facebook og Instagram séu til fyrir MÚÚ Að efni sé deilt á samfélagsmiðlum ca. 1 sinni í viku Efni deilt á samfélagsmiðlum oftast en 35 sinnum fyrir lok maí 2020. Sjá markvissa aukningu fylgjenda á samfélagsmiðlum n.k. 12 mánuði

					Aukning heimsókna á vefsíðu (Business Manager)
Aðstaða	Að greina starfsemi MÚÚ með tilliti til aðstöðu út frá þeim verkefnum sem nú þegar eru í gangi, eða geta mögulega farið í gang síðar.	Greina öll verkefni sem krefjast aðstöðu eða búnaðar Huga að framtíðar verkefnum með tilliti til aðstöðu eða búnaðar	Nóvember 2020	Framkvæmdastjóri tekur stöðuna á þessu.	Á ekki við. Greinargerð skilað til framkvæmdastjóra Gufunesbæjar.
Aðstaða	Að fá úthlutað tjaldsvæði í Heiðmörk (með salernisaðstöðu) sem starfsstaðir SFS geta bókað og notað án sérstaks leyfis fyrir skipulega starfsemi.	Viðræður við Skógræktarfélag Reykjavíkur um sér merkt svæði í Heiðmörk sem starfsstaðir SFS mega nýta sem tjaldsvæði í skipulögðum útilegum. Greinargerð með upp listuðum tilgangi og ávinningi tjaldútilega sem skipulegrar starfsemi fyrir börn, ungmenni og aðra hópa og ástæðu fyrir staðarvali í Heiðmörk.	Janúar 2021	Greinargerð með fylgigögnum liggi fyrir í maí 2020	(Að verkefnið sé a.m.k. komið í ferli ef ekki komið í notkun á vormánuðum 2021)
Aðstaða	Auka og auðvelda aðgengi að útivistarsvæðum í leik og námi með því að koma fyrir salernisaðstöðu á	Skoða samstarf við Orkuveituna, Skógrækt Reykjavíkur, Skógrækt ríkisins ofl. Skoða samstarf við aðila innan Reykjavíkurborgar	Október 2020		Drög að aðgerðaáætlun liggi fyrir í maí 2020. (Ný salernisaðstaða komin upp á völdum)

	völdum útivistarsvæðum.	Gera aðgerðaáætlun um fjölgun á salernisaðstöðu			svæðum fyrir lok árs 2021)
Verklag	Að tiltekin útbúnaður fyrir útinám/útvist verði í boði til láns fyrir starfsstaði SFS. Að auka vitund og aðgengi að tilteknum útvistar og útinámsbúnaði.	Lista upp allan búnað (með myndum) sem er í boði fyrir starfsstaði að fá lánaða. Kynna lánsbúnað á heimasíðu og öðru markaðsefni Koma upp bókunarkerfi í kringum búnaðinn	Október 2020		Listi af búnaði í boði tilbúinn með myndum Listi ásamt upplýsingum sýnilegur á heimasíðu og eða bókunarkerfi virkt Aðgengi og geymsla á búnaði sé góð
Markaðssetning og sýnileiki	Auka og bæta upplýsingastreymi og markaðssetningu á Frístundagarðinum í Gufunesi og hvað hann hefur upp á að bjóða.	Uppfæra vefsíðu og bókunarkerfi Búa til samfélagsmiðla og miðla viðburðum frá frístundagarðinum Standa fyrir litlum viðburðum sem tengjast börnum, unglingum og fjölskyldum.	Október 2020	Að vefsíða og bókunarkerfi sé uppfært. Að samfélagsmiðlun sé virk. Að viðburðir á svæðinu hafi verið í boði	Að auðvelt sé að nálgast upplýsingar um frístundagarðinn. Að viðburðir hafi birst á samfélagsmiðlum. Að 5 viðburðir eða fleiri hafi verið haldnir.

Öryggi	Uppfæra og endurskoða öryggishandbók fyrir útivistarsvæðið og klára öryggismál er snúa að eldstæði.	Taka út öryggisferla við notkun eldstæðis. Taka fyrir og uppfæra aðra öryggisferla. Bæta við atriðum ef þörf er á.	Október 2020		Öryggishandbók sé uppfærð og að búið sé að framkvæma áhættumat.
--------	---	--	--------------	--	---



Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

Unglingasvið

A-hlutastyrkur – Ungmennni og útivist

Unglingar hafa ásamt öllu samfélaginu ekki orðið varhluta af covid-19 aðstæðum í þjóðfélaginu. Unglingar hafa þurft að sjá á eftir frístundum sínum og þurft að vera mikið heima fyrir vegna samkomutakmarkana. Aukin áhersla verður því lögð á útivist með það að markmiði efla virkni og þátttöku barna, efla heilbrigði, sjálfsefningu, félagsfærni og að láta drauma þeirra rætast.

- Sumarið 2020 var þema hópastarfsins sem er samstarfsverkefni frístundamiðstöðvanna og Vinnuskólans útivist og sjálfsefning.
- Haustið 2020 verða stofnaðir útivistarhópar í öllum félagsmiðstöðvum í Grafarvogi. Þeir starfræktir fram til sumarsins 2021.
 - Hver útivistarhópur sækir um fjármagn í „útivistarsjóð“ Gufunesbæjar, en þeirri umsókn þarf að fylgja kostnaðaráætlun og dagskrá hópsins.
 - Árangur verður metinn með spurningalistakönnun til þátttakenda í lok starfsins.

B – hlutastyrkur – Frístundafræðingur á miðstigi

Um verkefnið: Verkefnið felur í sér að búa til stöðu frístundafræðings í þeim tilgangi að efla félagsfærni, sjálfsmynd, veita umhyggju og auka virka þátttöku barna í Borgar- og Engjaskóla á aldrinum 10-12 ára. Fyrirmynd verkefnisins er fengin úr hugmyndafræði og verkefnum sem frístundafræðingar á barnastigi sinna nú í samstarfi frístundaheimilis og skóla víðsvegar um borgina.

Skólatengslaskimun verður gerð í 5.-7. bekk í báðum skólum í samstarfi við Bergljótu Gyðu hjá Menntavísindasviði HÍ. Markmið skimunarinnar er að afla

upplýsinga um skólatengsl (e. school connectedness) nemenda. Fjöldi erlendra rannsókna bendir til þess að skólatengsl, þ.e. traust samband nemenda við starfsfólk skóla, spái fyrir um skólasókn, námsárangur, hegðun og líðan nemenda. Skimunin mun einnig veita upplýsingar um mikilvægi tengsla nemenda við starfsfólk félagsmiðstöðva. Niðurstöður verða nýttar til að velja íhlutun fyrir hópana sem verður samstarfsverkefni skólans og félagsmiðstöðvarinnar.

Frístundafræðingar verða tveir, annar sér um Borgaskóla og hinn um Engjaskóla. Föst viðvera er í báðum skólum á þriðjudögum og fimmtudögum frá 9:30-12:00

Ein af megináherslum í starfi frístundafræðingsins verður að vinna markvisst að samskiptum, félagsfærni og að því að efla trú barnanna á eigin getu. Beitt verður reynslumiðuðum aðferðum eins og hópefli, æfingum, leikjum, samtölum og styttri og lengri útiveru og útivist til að styrkja vináttu barnanna á miðstigi. Þá verður sérstök áhersla lögð á að styrkja þátttakendur m.a. með útivist og útinámi í samstarfi við MÚÚ – miðstöð útivistar og útináms í Gufunesbæ.

Barnasvið

A-hlutastyrkur – Verkfærakista í vináttupjálfun í frístundaheimilum

Styrkur fékkst úr A hluta þróunarsjóðs SFS til að vinna þróunarverkefni í samstarfi við Vöndu Sigurgeirsdóttur, lektor á Menntavísindasviði HÍ. Tveir fulltrúar frá hverju frístundaheimili, frístundafræðingur/aðstoðarforstöðumaður og hlutastarfsmaður sækja námskeið til þess að öðlast þekkingu og færni í beitingu aðferða vináttupjálfunar. Þeir munu stýra vinnu á vettvangi og halda utan um skráningar í því skyni að meta árangur vinnunnar.

Markmið verkefnisins eru:

- Að ýta undir aukna félagsfærni barna.
- Að stuðla að vellíðan barna og vináttu þeirra.
- Að stuðla að jákvæðri tengslamyndun milli barna og starfsfólks.
- Að nota viðurkenndar aðferðir og verkfæri til að greina félagslega stöðu barna í frístundaheimilunum.
- Að samræma aðferðir og vinnubrögð við vináttupjálfun milli frístundaheimila Gufunesbæjar.
- Að efla þekkingu og færni starfsmanna í að nýta aðferðir vináttupjálfunar.

Vinna við verkefnið hefst haustið 2020 lýkur í júní 2021.



Samstarf

Gott samstarf er milli starfsstaða Gufunesbæjar og leik- og grunnskólanna í Grafarvogi. Samstarfið við grunnskólana byggir á áralangri hefð en frístundaheimilin og félagsmiðstöðvarnar eru staðsettar í eða við skólana.

Samstarf frístundaheimilanna við leikskólana hefur aukist undanfarin ár og nú er svo komið að allir leikskólar eru með sérstaka aðlögun elstu barnanna í frístundaheimilin. Í þróunarverkefni sem fékkst úr A-sjóði menntastefnunnar á síðastliðnu ári var samstarfið formfest enn frekar. Lágmarksviðmið voru sett fram og skýrt verklag um það hvert væri hlutverk frístundaheimilis og leikskóla í samstarfinu.

Samstarf félagsmiðstöðva við grunnskólana í Grafarvogi er afar gott. Forstöðumenn félagsmiðstöðva er í miklum samskiptum við stjórnendur og starfsfólk grunnskólanna bæði formlega sem og óformlega. Samstarf varðandi einstaka nemendur eða hópa er jafnframt mikið. Forstöðumenn eru með viðveru á skólatíma sem hefur gefist afar vel. Hægt er að ná í þá með auðveldum hætti bæði er tengist samskiptum við börn og unglingana og við stjórnendur og starfsfólk skólans.

Samstarf við þjónustumiðstöðina Miðgarð er gott en er ólíkt milli barnastarfs Gufunesbæjar og unglingastarfsins.

Flest öll mál er tengjast sértækum úrræðum barna fer í gegnum skólana til Miðgarðs og beina þá forstöðumenn frístundaheimila málum sínum til skólanna sem síðan koma þeim áleiðis, ef svo ber undir til sérfræðiteyma Miðgarðs. Forstöðumenn taka þátt í teymisvinnu gagnvart málefnum barna.

Í unglingastarfinu situr deildarstjóri reglulega fundi með ráðgjöfum Miðgarðs varðandi málefni er tengjast börnum og unglingum 10 til 16 ára í

Grafarvogi. Jafnframt er reglulega haft samband þess á milli varðandi einstök málefni.

Gufunesbær er hluti af samstarfsneti í forvarnarmálum í Grafarvogi sem ber nafnið „Gróska“ en markmið Grósku er að skapa börnum jákvæðar uppeldisaðstæður í samvinnu við stofnanir og félagasamtök í Grafarvogi.

„Vogin“ er samstarfsnet leik- og grunnskóla og frístundastarfs SFS í Grafarvogi. Markmið með þessu samstarfsneti er að efla enn frekar samstarf og samþættingu þessara stofnana SFS í borgarhlutanum. Sérstakur stýrihópur heldur utan um starfsemi Vogarinnar en í honum sitja fulltrúar leik- og grunnskólastjórnenda ásamt framkvæmdstjóra Gufunesbæjar.

Heilt yfir má segja að samstarf fagaðila sem vinna með börn og unglinga í Grafarvogi sé afar gott og byggt á traustum grunni. Hins vegar er afar mikilvægt að viðhalda því og formfesta enn frekar þegar til lengri tíma er litið.



Jafnréttisáætlun 2020 2021 (Þessi áætlun var uppfærð í október 2020)

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur frístundamiðstöðin sig til að fara eftir [Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#).

Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu frístundamiðstöðvarinnar.

Framkvæmdastjóri er ábyrgðaraðili ásamt deildarstjórum. Forstöðumenn bera ábyrgð á að Mannréttindastefnunni sé framfylgt á starfsstöðunum.

Að auki mun frístundamiðstöðin í samræmi við 22. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að börn og ungmenni verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í frístundastarfinu. Starfsfólk skal þekkja einkenni

kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal barna eða ungmenna. Börnum og ungmennum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geta leitað innan og utan frístundamiðstöðvarinnar komi slíkt upp.

Frístundamiðstöðin setur sér framkvæmdaáætlanir hvern vetur, þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar sé árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

Gufunesbær sem atvinnurekandi

Tryggt verði með skipulögðu jafnréttisstarfi að allir, óháð kyni, njóti jafnréttis í hvívetna á vinnustöðum Gufunesbær.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafnara kynjahlutfall í störfum innan frístundamiðstöðvarinnar	Stefnt að jöfnun á kynjahlutföllum í sambærilegum störfum innan frístundamiðstöðvarinnar.	Þeir sem sjá um ráðningar	Allt árið
Jöfn kjör alls starfsfólks, óháð kyni eða öðru.	Öllum kynjum skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf. Öllu starfsfólki standi til boða að taka að sér þá yfirvinnu sem í boði er.	Deildastjórar og forstöðumenn	Allt árið
Að starfsfólk fái sömu tækifæri til að samræma vinnu og fjölskyldu.	Starfsfólk standi jafnt þegar kemur að því að nýta sveigjanleika í starfi til að samræma vinnu og fjölskyldu.	Deildastjórar og forstöðumenn	Allt árið
Að lög um rétt einstaklinga til að skilgreina kyn sitt séu virt.	Orðalag í efni sem Gufunesbær sendir frá sér taki mið af því að öll kyn geti samsamað sig textanum. Hér er bæði átt við útgefið efni s.s. starfsmannahandbækur sem og kannanir og tölvupósta.	Þeir sem hverju sinni skrifa texta til starfsfólks eða gefa út efni.	Allt árið

Einelti, áreitni og ofbeldi

Einelti, áreitni og ofbeldi er ekki liðið á starfstöðum Gufunesbæjar. Gripið skal undantekningarlaust til viðeigandi aðgerða ef slíkt á sér stað. Allt starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð á því að einelti, áreitni og ofbeldi eigi sér ekki stað. Nánari upplýsingar má finna í [stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi](#) og [aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2018-2020](#).

Komi upp einelti eða áreitni á vinnustaðnum skal vinna samkvæmt eftirfarandi verkferlum: [Verkferlar og leiðir til úrlausna í eineltis- og áreitnimálum hjá Reykjavíkurborg](#).



Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Starfsmenn fá fræðslu um einelti og kynferðislegt áreiti.	Allir starfsmenn fá kynningu á stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Að starfsfólk sé upplýst um hvert þeir geti leitað ef upp koma slík mál.	Deildarstjórar og forstöðumenn.	Í upphafi starfsárs.
Einelti og kynferðisleg áreitni er ekki liðin.	Unnið er skv. stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Ef slík mál koma upp er unnið samkvæmt viðbragðsáætlun SFS vegna eineltis meðal starfsmanna.	Deildarstjórar og forstöðumenn.	Allt árið.

Þjónustuhlutverk

Börn skulu eiga jafnan aðgang að frístundastarfi Gufunesbæjar óháð aðstæðum sínum, svo sem kyni, kyngervi, fötlun, þjóðerni, heilsufari og fleiru sem talið er upp í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Allt starfsfólk Gufunesbæjar ber sameiginlega ábyrgð á því að aðgengi að þjónustunni sé jafnt og að viðfangsefnin höfði til allra.



Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Auka þekkingu og færni starfsfólks varðandi jafnréttismál.	Að allir starfsmenn fái fræðslu frá Jafnréttisskólanum.	Deildarstjórar	Janúar 2021.
Efla þekkingu starfsfólks á einkennum ofbeldis á börn.	Halda námskeiðið <i>Opinskátt um ofbeldi</i> fyrir starfsfólk í Gufunesbæ.	Deildarstjórar	Á starfsárinu.
Að eyðublöð og skráningarblöð taki mið af fjölbreytileika kyns og kynvitundar.	Uppfæra leyfisbréf, kannanir og hvers kyns skráningarblöð út frá aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í mannréttindamálum (7.3.1)	Deildarstjórar og forstöðumenn.	Haustönn 2020.

